

MYLLUBAKKASKÓLI

Tílefni fundar			
FUNDARGERÐ	Neyðarfundur Foreldra Myllubakkaskóla		
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. Fundar
25.08.2023	16:00 – 18:00	Akademían	1
Fundarboðandi	Fundarritari	Fj. bls.	
Stjórn foreldrafélags Myllubakkaskóla	Ingunn Anna Ragnarsdóttir	8	

Mættir voru af stjórn: Katrín M. Aradóttir, Karólína Björg Óskarsdóttir og Ingunn Anna Ragnarsdóttir.
Fjarverandi: Helena Bjarndís Bjarnadóttir og Bjarney S. Annelsdóttir.
Hlynur Jónsson skólastjóri, Helgi Arnarson, fræðslustjóri Reykjanesbæjar og Gissur Hans Þórðarson (Hansi) hjá OMR verkfræðistofu sem fer með stjórn framkvæmda. Einnig mætti Kjartan bæjarstjóri Reykjanesbæjar.

Foreldrar barna í Myllubakkaskóla.

Dagskrá og helstu niðurstöður.

Atriði nr.	Lýsing
1.	<p>Neyðarfundur vegna ástandsins í Myllubakkaskóla.</p> <p>Fundur hefst kl: 16:00 Katrín heilsar. Hlynur skólastjóri byrjar á að fara með með erindi. Býður gesti velkomna. Hlynur talar. Þurft að breyta öllu. Yngsta stig í Myllubakka og frístund. 3-6 vikur, gerum ráð fyrir 6 vikur. Engar smíða- eða textílstofur en myndmennt og forritun inni. Miðstig er til 13:10 nema 1 sinni í viku. Mesta skerðingin hjá unglíngastiginu. Kom upp umræða um fjarkennslu en reynslan frá covid sýndi að það gafst ekki vel og betra að fá þau í hús þó stutt sé. Spurningar frá foreldrum. Hafa krakkarnir aðgang að kennara? Hlynur: Ekki fjarnám en nemendur geta sent fyrirspurnir á kennara sem svarar eins fljótt og hægt er en ekki endilega strax á mínúttunni. Börn sem eru ekki góð í að sinna námi sínu sjálf? Hvað með þau? Hlynur: mjög erfitt að koma til móts við þau. Fimleikaæfingar, verður þeim seinkað vegna notkunar á akademíunni? Hlynur: ekki komið til umræðu en samstarfið er gott á milli við akademíuna. Skólastarf lögbundið, fimleikar ekki.</p>



MYLLUBAKKASKÓLI

Skerðing á þjónustu, mildari þegar kemur að prófum og öðru?

Hlynur: Menning að breytast, mikið um símat, reynum að miða við það.

Hvað verður þetta lengi?

Hlynur: Hámark 6 vikur..

Af hverju ekki hægt að vera með sal fyrir 9. og 10.bekk?

Hlynur: Erfit að fá sal, ekki heilnæmir, eða búnir undir kennslu.

Hvernig verður bætt upp fyrir skerðingu?

Hlynur: Skylda að bæta upp, ekki komin lending hvernig það verður gert en verður þá gert eftir að þessu tímabili líkur. Verður skipulagt með foreldrum.

Börn sem eru ekki í áskrift, staður til að hita upp mat?

Hlynur: Já verður aðstaða eins og alltaf, sama tíma eins og áður.

Frímínútur?

Hlynur: Róló á mávabraut, gervigras, of stuttur tími. Leyfa þeim sem vilja að hafa miðstig inni, hádegishlé þá fara út.

Þakkir fyrir þolinmæði og úrræði og til Hlyns.

Frístund?

Hlynur: Verður í skúrunum, heimasvæði þar, en dreifa svo úr sér í stofurnar.

Af hverju var fyrirvarinn svo stuttur. Fengu að vita á fimmtudegi?

Hlynur: Veit það ekki. Kemur mjög seint. Ekkert svar, ekki betri svör.

Hver er ástæðan, af hverju ekki tilbúið? Ekkert svar.

Hlynur: getur ekki svarað því.

Verða skápar fyrir elsta stig, verða fara með bækur fram og til baka?

Hlynur: Skúffuskápar en heimavinna verður að fara með heim, lpadar bjarga miklu, heimavinna í lágmarki.

Íþróttir og sund í miðjum degi? Hvernig verður það leyst að fara á milli á þessum tíma?

Hlynur: Ekki gert ráð fyrir aukatíma til að komast á milli. Missa þá af tíma fyrir framan og aftan. Hefur verið vandamál alltaf. Tímafjöldi í boði í þessum húsnæðum takmarkaður.

Miðstig: Ef ekki í mat þá bara heim 11:50 þennan 1 dag.

Er ekki forgangur fyrir Myllu til að passa að allir komist í sund og íþróttir fyrir elsta stig.

Hlynur: Nei. Ekki verið beðið um það. Sund mjög takmarkað.

Hlynur líkur máli sínu.

Helgi tekur næst til máls.

Erindi.

Tekur undir þakki til Hlyns og starfsfólks Myllu. Til foreldra líka.

Helgi segir börn með mestu aðlögunarhæfnina.



MYLLUBAKKASKÓLI

Staðan: Lok dags 17.ágúst var kallað eftir upplýsingum, leit ekki út eins og gámar væru tilbúnir. Hafa reynslu af því að byggja skólabúðir. Öðruvísi staðið að þessu. Stapi gekk vel. Kom flokkur manna frá Slóveníu, vann dag og nótt, ekki sama staðan núna. Fyrirtækið sem þjónustar er ekki með svona vinnulag, setja bara upp, svo er það bæjarins að klára. Mörg verkefni í gangi, erfitt að fá verktaka og ekki tilbúnir að vinna dag og nótt. 3-5 (6) vikur, Helgi stendur við það.

Dagsetningar standast ekki alltaf, Helgi er mjög bjartsýnn á 3-5 vikur. Fyrri hluti 3 vikur og mylla inn þá, holta eftir seinni hluta (5 vikur) Gerum ráð fyrir og búum okkur undir að það verði lengri tími.

18.ágúst var fundur þar sem lögð voru drög að skipulagi, í framhaldi vinna haldin áfram með vinnu varðandi skipulag. Bestu þakkir til allra sem leitað hefur verið til, Hljómahöll, Keilir, Skólamatúr og fleiri, bus4u. Kraftaverk að þetta gekk allt. Gott að fá spurningar frá foreldrum þar sem sjónarmið koma fram sem Helgi og aðrir hafa ekki tekið í myndina. Vilja gera allt sem hægt er til að bæta, hægt að endurskoða ákvarðanir.

Spurningar:

Hvað á að bjóða elstu börnunum vegna skerðingar á þeirra skólastarfi.

Helgi: Það er lögbundið og við munum finna út úr því og verður gert. Verður hægt að bjóða unglíngunum að byrja daginn með mat. Verður frjálst, eins og áður.

Skil ekki útskýringar varðandi seinkanir, var gert ráð fyrir flokki frá Slóveníu til að vinna dag og nótt?

Helgi: Kannski hefði ekki átt að taka fram en vildi tala um hvað það gekk hratt og vel fyrir sig, tók samt lengri tíma en gert var ráð fyrir en gekk samt hratt. Núna er þetta ekki í boði og þá mikilvægt að hafa í huga að tímasetningin gæti dregist. Hver er það sem segir þetta verður tilbúið 21.ágúst.

Helgi: Bara við upphaf og í samtali við verkfræðistofu þá segir bærinn að þetta verður að vera tilbúið 21.ágúst en stofurnar segja hafið plan B. Bærinn var mjög bjartsýnn á þá dagsetningu og viðurkennir mistök og lærdóm, mögulega þrýst of mikið á að þetta væri dagsetningin, gerðu sér ekki hugarlund um 3-5 vikur.


Malarvöllurinn, hvað er verið að gera til að tryggja að þetta standist? Lítil virkni í myllu, hættulegt vinnusvæði, mjög illa gengið frá skrúfum og drasli sem fylgir vinnusvæði. Hver ábyrgist öryggi barnanna?

Helgi: Þarf að vera allt tilbúið, góður punktur.

Erfitt að finna verktaka? Af hverju ekki verið að taka verktaka sem eru nú þegar í vinnu við Myllu til að klára malarplanið?

Helgi: Ekkert svar.

Skerðing, brjóta á börnum, 3 skólaárið sem við stöndum í þessu og hvernig á að bæta börnum þetta upp:



MYLLUBAKKASKÓLI

Helgi: uppfylla tímafjölda, bættur upp á skólaárinu, segir ekki til um gæði kennslustunda, skerðingin sem er erfitt að bæta upp, skert þjónusta, skert fjölbreytni, kennara lausnamiðaðri og hugmyndaríkir og fundið góðar leiðir. Myllubakki verið þekktur fyrir verk- og listgreinar og það er mikil skerðing á því og erfitt að bæta það.

Er bærinn að leggja sig fram? Fjármagn? Tæki?

Helgi: styðja við stjórnendur, stjórnendur við kennara. Allir að róa í sömu átt, okkur alltaf mætt með skilningi, ef óskað er eftir einhverju, kannski ekki verið að gera nóg, kannski hægt að gera betur varðandi tæki eða hönnun og listgreinar. Ýmislegt hægt að gera, snýr að mannauðnum, nýta styrkleika kennara.

Hefur verið skoðað hvort námsárangur hafi breyst á þessu tímabili?

Helgi: Ekki verið gert. Fyrst covid og svo strax húsnæðismál, búið að vera óhefðbundið umhverfi í mörg ár. (samanburður við skóla sem eru ekki í þessum aðstæðum?) Erfitt að skoða það en áhugavert.

Stuðningur frá bænum til kennara og starfsfólks, erum að fara í 3 veturinn, hef ekki samband við stjórnendur nema mikið liggi við til að hlífa stjórnendum en hversu lengi á að hlífa og halda sér til baka? Gerir bærinn sér grein fyrir þessu?

Helgi: Við erum Reykjanesbær. Við þurfum öll að vera saman en heldur ekki vera of meðvirk. Er mikilvægt að foreldrar hafi samband við stjórnendur og bæinn, spyrja erfiðu spurninganna, er allt lærdómur og mikilvægt.


Stór hópur nemenda aldrei upplifað neitt annað.

Augljóst mál, það verður að vera upplýsingarfulltrúi til að miðla til foreldra og fleiri, **Katrín tekur fram þetta verður rætt betur á eftir.**

Upplýsingagjöf frekar lítil og takmörkuð, þessi fundur góður, þið eða bærinn hefðuð átt að boða til þessara fundar. Horfum á 3 veturinn, eftir vonandi ó vikur erum við aftur að flytja og svo kannski aftur í janúar. Þetta er bilað og erfitt og mjög vont fyrir nemendur og foreldra. Staðan er galin, búið að rugla í börnum og mjög sorglegt að þurfa að upplifa þetta, börnin og unglingar á vergangi í hádeginu. Kallar eftir upplýsingastefnu að frumkvæði bæjarins, ekki að foreldrar þurfi að kalla eftir því.

Ætlar bærinn að gera eitthvað fyrir kennara og starfsfólk, fengum mjög pólitískt svar. Verður **ekki** greitt aukalega til starfsfólks? (Við erum öll Reykjanesbær) Ekki hægt að svara við erum öll bærinn, þið verðið að taka ábyrgð, sýna þeim virðingu, mjög mikið álag í langan tíma. Eiga skilið að fá eitthvað!

Svenni kennari og trúnaðarmaður kennara í Myllubakkaskóla: Hann svarar, það á ekki að gera neitt fyrir kennara. Mjög sorgleg staða. Helgi verður gert fyrir kennara eins og í Garðabæ? Helgi svaraði nei eða ekki þvert nei. Haldi þið að það muni bæta eitthvað? Mikilvægt að séð hlúð vel að kennurum með ýmsum hætti öðrum en þessum.



MYLLUBAKKASKÓLI

Hvað á að gera fyrir kennara?

Ekkert svar.

Malarvöllur 1.-4.bekkur í myllu 1.-3.bekkur í Holta, en svo eiga 1.-4.bekkur að fara á skólalóðina eftir 3 vikur og svo eftir 5 vikur á malarvöllinn, hvað með leiksvæði?

Matur á sunnubraut,

Hlynur: Verið að panta leiktæki og gera svæði fyrir börnin, á að vera tilbúið þegar malarvöllur opnar.

Helgi: gæti verið 3-6 vikur þá á malarvöllur að vera tilbúið, húsið, lóðin og starfsmannarými. 5 ára börn á svæðinu meðan enn þá verður að vinna?

Hlynur: stórar framkvæmdir eiga að vera búnar, hvort leiktæki verða komin.

Ekki verið að skerða mikið gæði, finnst gott að heyra það á ekki að skerða en ef kennarar eru ekki ánægðir þá skerðist auðvitað gæðin. Mun fs horfa til þess að nemandi er að koma frá myllubakka og hleypir í gegn á lægri einkunn?

Helgi: ekki gott að vera með óánægða kennara, skiptir máli að hlúa vel að kennurum.

Úr sal: Skorar á stjórnendur bæjarins að hlúa betur að kennurum og starfsfólki!

Helgi: Er búið að vera gera til að hlúa að kennurum? Ýmislegt sem lítur til sveigjanleika, tillit og svigrúm. Brjóta upp með hópnum, bjóða í mat, litlir hlutir sem skipta máli. Helgi leitar til Kjartans sem yfirmanns.

Aukið álag á þínu starfi, þetta er ekkert meira en meira álag og meiri vinna. Allir ánægðir með hærri greiðslur fyrir vinnuna sem er meiri og erfiðari.

Hefur mannauðsteymi sinnt kennurum, áfalhjálp og þessháttar? **Helgi:**

mannauðsdeildin alltaf tilbúin. **Framícall:** hvað er búið að gera? Helgi getur ekki talið upp hvað er búið að gera. Góður punktur en deildin er 2 starfsmenn.

Möguleiki að leita meira til þeirra, skrifstofa menntasviðs boðnir og búnir að gera eitthvað. Nýta betur.

17:09 Helgi stígur niður

Hansi tekur til máls:

Verkstjóri: Ekki inn í malarvellinum. Samningar með verktaka á milli, góð spurning en kom of seint inn á borð. Útboðsverkefni. Umgengni: Mikilvæg og tekið upp reglulega og verður tekið upp enn frekar.

Glærukynning frá Hansa.

Spurningar:

Er eftirlit?

Hansi: Já. Varðandi hraðan, er tryggt að verið sé að mæta og vinna á svæðinu.

Ekki gott að þurfa að vera framkvæma meðan börn eru og kennsla fer fram.

Framkvæmd eins og tannhjól, ef 1 mætir ekki geta hinir ekki haldið áfram.

Ákveðið verkferli í gangi vegna raka.



MYLLUBAKKASKÓLI

Átti ekki að taka svona langan tíma, hvernig stendur á því?

Helgi: Getur ekki svarað.

Munu tímasetningar standa, getur þú staðið við það? Verktakar, flöskuháls.

Eru líkur á að áætlanir standist?

Hansi: Já. Vinna fer fram á fleiri stöðum. Getur eitthvað breyst? Auðvitað. Reynum að koma í veg fyrir það, ef það gerist reynum við að aðlagast því.

Haust 2024 D álma.

Hvað eru þið að gera? Hvað eru þið að hreinsa út? Hvernig komi þið í veg fyrir að mygli ekki aftur?

Hansi: Þak endurnýjað og breytt hönnun. Fjarlægja lífvænleg efni úr þakinu.

Gamla þakið loftaði ekki.

Er ekki ódýrara að rífa niður að byggja nýtt?

Hansi: Ég set aðeins upp tölur.

Hefði tímarammi orðið betri? Er tekið inn í myndina fjármagn fyrir gáma? Staðan er sorgleg og ekki hugað að börnum.

Hansi: Kom alltaf meira og meira í ljós varðandi skemmdir og myglu? Getur auðvitað komið meira í ljós þegar veggir eru opnaðir. Framkvæmdin í dag er sett upp þannig þá sést leki strax, áður var ómögulegt að sjá og allt falið bakvið vegg.

Fossvogsskóli, hvað er verið að gera öðruvísi til að komi ekki upp sama staða og þar?

Hansi: Þá var ekki gengið alla leið og ákvörðun frá stjórnendum, ekki gengið frá moldargólfi í kjallara.

Er verið að mæla reglulega fyrir raka?

Hansi: Alltaf verið að taka mælingar.

Hansi fær að rúlla yfir glæsur.

Dren sem var ekki, er verið að setja. Hugsunin er að gera þetta sem best fyrir börn og starfsfólk, loftræsing í hvert rými, opnanlega glugga, viðhaldslitlar lausnir. Lýsing verður betri. Gengið alla leið. Loftræsing verður bætt til muna. Verða felliveggir (frá kennurum).

Hvað á að vera tilbúið um áramót?

Hansi: D álman, kringum 12 kennslustofur. Yngsta stigið þar inn, dreift úr sér.

Koma ekki öllum inn þetta skólaár, unglingsdeildin klára í akademíunni. Miðstigið á lóðinni. Unglingar til baka haust 24. Kjallarinn ekki tilbúin fyrr en haust 24 (fyrsta lagi)

Hrós, flottar teikningar og glæsilegur skóli fram undan. Útboð eftir áramót.

Nýbyggingar.

17:42 Hansi Lýkur máli sínu og Kjartan bæjarstjóri stígur á stökk.

Takk fyrir að bjóða mér (Kjartan)



MYLLUBAKKASKÓLI

Fullyrðir að allir sem eru að vinna að þessum verkefnum eru að leggja sig fram 150-200% allir eru að gera sitt besta. Fengið ráðgjöf frá þeim færustu, Eflu og Mannvit og í heimabyggð. Erum við að gera nóg? Ég veit það ekki, eftir að koma í ljós, áætlun er 9 milljarðar. Mörg sjónarmið í gangi eins og varðandi að rífa bygginguna og margt sem þarf að taka tillit til. Hönnun, sögulegt gildi, kolefni og fleira. Ástæða fyrir því að það er tjörn í Skrúðgarðinum er því landið liggur svo lágt og skólinn búin að standa í rökum jarðvegi í 70 ár. Vitum það núna.

Reglugerðir aðrar þá.

Þakkar fyrir ábendingar frá foreldrum varðandi mannauðsteymi og aðstoð í skólanum. Er á ábyrgð skólans, tökum ekki fram fyrir hendur. Verður helst að koma frá skólastjórnendum.

Óskar eftir spurningum.

Hvenær var ákvörðun tekin að stækka skólann? Búið að vinna upp á sig?

Kjartan: verið að nota tækifærið að stækka líka í kjölfar þéttingu byggðar.

Vatnsnesbyggðin. Eigum núna heilan grunnskóla í lausum færangum stofum.

Yfir 400fm í lausum fyrsta flokks kennslustofum. Ástæða fyrir því að verið að dreifa um borg og bí er vegna þess það voru engar aðrar lausnir.

Foreldri: Vonandi eru þið að geyma allan þennan lærdóm til að grípa í ef (þegar) þetta gerist aftur.

Þakki úr sal, fyrir að koma með stuttum fyrirvara.

Hvað klikkaði varðandi tímasetningu? Voru gerð mistök? Voru brestir í samningum eða vinnu?

Kjartan: Veit ekki alveg og tók viku að fá nýjar dagsetningar. Hefðum örugglega getað gert betur, miljón mistök og við lærum af þeim.

Hvers vegna kom ekki tilkynning frá bænum? Hefði átt að koma frá bænum, fræðslustjóra en kom frá skólastjóra.

Kjartan: Skólastjóri er tengiliður við bæinn.

Spurning um að hafa plan B ávallt tilbúið.

Allt þetta hefur áhrif á skólaupplifun. Nemendur eru að missa af öllu, alltaf í skúrum út í horni, aldrei upplifað að labba um ganga og vita hvar bókasafnið.

Hlynur, Helgi, Hansi og Kjartan fara kl: 17:56

Katrín ávarpar hópinn. Margar spurningar ósvaraðar. Stingur upp á öðrum fundi til að búa til stýrihópa.


Raddir úr sal: Menn fá borgað fyrir svara, leyfa fólki að spyrja.

Óskað er eftir að foreldrafélagið stofni Facebook síðu til að miðla upplýsingum.

Fleiri raddir óska eftir Facebook síðu.

Er verið að skerða ekki bara núna heldur framtíð þessara barna.

Óskað er eftir öðrum fundi. Lengri tíma með ráðamönnum.



MYLLUBAKKASKÓLI

	<p>Miklar áhyggjuraddir varðandi tímann sem tekur að fara á milli íþróttar og sunds og aftur í skólann.</p> <p>Foreldrafélag:</p> <p>Væri svo gott að fá þessar upplýsingar um þessi dæmi þar sem taflan gengur bókstaflega ekki upp.</p> <p>Fá glærur frá Hansa.</p> <p>þarf að herja á flokkana sem stjórna,</p> <p>Senda á menntamálaráðherra.</p> <p>Nýir meðlimir í foreldrafélagið:</p> <p>Unnur Ýr Kristinsdóttir</p> <p>Sandra Rut Bjarnadóttir</p> <p>Maria Natalie Einarsdóttir Alvarez</p>
3.	<p>Fundur var ekki með aðra tímasetningu en frá 16:00</p> <p>Muna setja inn upphaf og lok.</p>
6.	<p>Önnur mál.</p> <p>Engin</p>